

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

1.—10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

Kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.

2. gr.

Við lögina bætist ný grein, sem verður 12. gr., svohljóðandi:

Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23
3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 180 000 000.

Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu, skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 360 000 000.

2. gr.

1. málsgr. 73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu kr. 36 000, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1980.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála,
sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 23 6. maí 1976, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „kr. 30 000.00“ í 2. tölul. 1. málsgr. komi: 500 000 krónum.
- b. Í stað „kr. 60 000.00“ í 2. málsgr. komi: 300 000 króna.
- c. Við 2. málsgr. bætist: Nú hefur slíkt brot upptöku eignar í för með sér og má þá með sama hætti ákveða eignaupptöku, enda fari verðmæti ekki fram úr 100 000 krónum.
- d. Í stað „kr. 7 000.00“ í 3. málsgr. komi: 30 000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.